

Reykjavík 09. desember 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um dag helgaðan fræðslu um mannréttindi barna. Þingskjal 551 – 397. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagnar framkominni þingsályktunartillögu um að hafa 20. nóvember ár hvert, helgaðan fræðslu um mannréttindi barna og hvetur þingmenn alla til að sameinast um að styðja tillöguna.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna sem hefur eftirlit með framkvæmd Barnasáttmálans leggur mikla áherslu á kynningu og fræðslu um samninginn bæði til barna og fullorðinna. Einstaklingar þurfa að þekkja réttindi sín til þess að geta beitt þeim og einnig til að bera virðingu fyrir og þekkja réttindi annarra. Mannréttindafræðsla til barna kennir börnum að þekkja sín eigin réttindi, auk þess sem hún kennir börnum hvar mörkin liggja á milli eigin réttinda og annarra. Hún eykur líkur á því að börn læri að bera virðingu fyrir samfélaginu og réttindum annarra og leggi sitt af mörkum við að byggja upp þjóðfélag þar sem einstaklingar njóta virðingar og búa með reisn og við réttlæti.

Aukin áhersla á mannréttindafræðslu getur auðveldað börnum að bera kennsl á ef á þeim er brotið á einhvern hátt og getur hjálpað þeim að kalla á aðstoð og fá hjálp við að fá réttindum sínum fullnægt. Segja má að mannréttindafræðsla sé forvörn í sjálfu sér. Ef börn þekkja almennt réttindi sín eru auknar líkur á að betur verði gætt að því að mannréttindi þeirra séu virt og þau því líklegri til að búa við réttlæti og velferð. Það er þó ekki síður mikilvægt að allir fullorðnir fái fræðslu um mannréttindi barna. Það er fyrst og fremst ábyrgð fullorðinna að mannréttindi barna séu virt.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi styður þá hugmynd heilshugar að afmælisdagur Barnasáttmálans verði helgaður mannréttindafræðslu í skólum landsins. Slíkir fræðadagar eru þegar viðhafðir til fræðslu um íslenska tungu og íslenska náttúru. Samtökin telja ekki síður mikilvægt að sérstakur fræðadagur sé helgaður fræðslu um mannréttindi barna. Slíkt er til þess fallið að auka virðingu fyrir mannréttindum barna og binda Barnaheill vonir við að slík ráðstöfun hjálpi til við að bæta viðhorf til barna almennt í samfélaginu. Með því að skylda skóla til að leggja áherslu á mannréttindafræðslu til barna þennan dag er vonandi tryggt að þeim sé að minnsta kosti veitt fræðsla þann dag. Hins vegar er mikilvægt að sá dagur verði þó ekki talinn uppfylla þörfina á mannréttindafræðslu til barna. Mannréttindamenntun ætti að mati Barnaheilla að vera samtvinnuð inn í allt annað nám

eins og hægt er, ekki síst vegna þess að einn af grunnþáttum menntunar í aðalnámskrám allra skólastiga er mannréttindi og lýðræði.

Börn eru einstaklingar með sjálfstæð mannréttindi sem eiga rétt á að búa við þroskavænleg lífsskilyrði, vernd og umönnun og eiga sjálfstæðan rétt til að segja skoðun sína um allar ákvarðanir og mál sem þau varða. Slík réttindi eru lítils virði ef þau eru ekki kynnt þeim sem eiga að njóta þeirra.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Bréf

| | |
|--|--|
| Alþingi, nefndasvið Þórshamri v/Templarasund 150 REYKJAVÍK | Reykjavík, 15. desember 2014 2014010081 |
|--|--|

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um dag helgaðan fræðslu um mannréttindi barna - 397. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 27. nóvember 2014, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um dag helgaðan fræðslu um mannréttindi barna, 397. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa fagnar því ef efla á fræðslu barna og fullorðinna hér á landi um réttindi barna og innihaldi barnasamnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Telur Barnaverndarstofa slíka fræðslu góða til þess að börn geri sér betur grein fyrir stöðu sinni og réttindum sem aftur gerir þau hæfari til þess að tjá sig um mál sem þau varða, sbr. 12. gr. samningsins, sbr. lög nr. 19/2013. Barnaverndarstofa minnir þó á að slík fræðsla um réttindi barna og annarra þarf að vera samofin öllu starfi barna í skólum og slíka fræðsla er ekki hægt að einskorða við einn tiltekinn dag. Það sama gildir um þekkingu og fræðslu annarra sem starfa með börnum. Þau sjónarmið sem birtast í samningnum eru þess eðlis að þessir aðilar þurfa að vera meðvitaðir um þau í sínum daglegu störfum svo samningurinn skili sér í bættum högum og réttindum barna þar sem þeirra sjónarmið eru fengin og tekið fullnægjandi tillit til þeirra í þeim málum sem þau varða, bæði almennt og í málum tiltekinna barna.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu

5. desember 2014

Hér sendist bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 4. desember s.l. vegna umsagnarbeiðni frá nefndarsviði Alþingis um tillögu til þingsályktunar um dag helgaðan fræðslu og mannréttindum barna.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um dag helgaðan fræðslu og mannréttindi barna.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um dag helgaðan fræðslu og mannréttindum barna.

Sveitarstjórn styður þessa tillögu.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2014.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um dag helgaðan fræðslu um mannréttindi barna, 144. löggjafarþing 2014 - 2015. Þingskjal nr. 551. - 397. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar.

Með tillögunni er lagt til að 20. nóvember verði helgaður fræðslu um mannréttindi barna í skólum landsins.

MRSÍ fagnar tillögunni og telur hana afar jákvæða og geta stuðlað að aukinni þekkingu á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindum barna hér á landi.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur

Efni: Tillaga til þingsályktunar um dag helgaðan fræðslu um mannréttindi barna, 397. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 27. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um tillögu til þingsályktunar um dag helgaðan fræðslu um mannréttindi barna.

Umboðsmaður barna fagnar ofangreindri tillögu og vonar að hún verði samþykkt. Það voru mikil gleðitíðindi þegar Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur í febrúar 2013, sbr. lög nr. 19/2013. Mikilvægt er að fylgja lögfestingunni eftir með virkum hætti og fræða börn jafnt sem fullorðna um þau réttindi sem sáttmálinn hefur að geyma. Má í því sambandi benda á 42. gr. Barnasáttmálans sem leggur þá skyldu á ríkið að kynna sáttmálann víða með viðeigandi og virkum hætti, bæði fyrir börnum og fullorðnum.

Umboðsmaður barna telur það mikilvægan lið í að auka þekkingu barna á réttindum sínum að gefa mannréttindafræðslu meira vægi í skólum landsins. Eins og fram kemur í athugasemdum með tillögunni fellur aukin áhersla á mannréttindi barna auk þess vel að markmiðum núgildandi skólalöggjafar og aðalnámskráa. Væri því vel við hæfi að afmælisdagur Barnasáttmálans yrði ár hvert helgaður fræðslu um mannréttindi barna í skólum landsins.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðadóttir,
umboðsmaður barna

Skrifstofa umboðsmanns barna

Kringlunni 1, 5. hæð

103 Reykjavík, Ísland

Sími: 552 8999

Gjaldfrjálst númer: 800 5999

Heimasíða: www.bam.is

Netfang: ub@bam.is